

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar, ísgöng í Langjökli og uppbygging í Geitlandi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 12. nóvember 2015 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Borgarbyggðar 13. ágúst 2015.

Í breytingunni felst að opið svæði til sérstakra nota O48 í Geitlandi stækkar úr 6 í 30 ha. Þar er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna í skálum á tveimur aðskildum lóðum, alls 8 ha. Jafnframt er staðsett um 6 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði AF1 í um 1260 m hæð á Langjökli rétt norðan við Geitlandsjökul. Þar er heimilt að taka á móti ferðamönnum til stuttrar dvalar í ísgöngum og hellum. Gert er ráð fyrir akstursleið frá skálum í Geitlandi að ísgöngunum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 12. nóvember 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.